

Reglur Garðabæjar um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaup fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir

1. gr.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrkt til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

2. gr.

Markmið

Markmið styrkjanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér úti um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

1. Sótt sér menntun.
2. Viðhaldið og aukið þekkingu og færni.
3. Nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

3. gr.

Orðskýringar

Endurhæfing er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.

Hæfing hefur að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðinu sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

4. gr.

Hverjir eiga kost á styrk

Rétt til styrks á hver sá einstaklingur sem býr við andlega eða líkamlega, fötlun og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar og getur sótt um styrk að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Á lögheimili í sveitarfélaginu.
2. Hefur náð 18 ára aldri.
3. Hefur varanlega örorku.

5. gr.

Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá styrk

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að uppfylltum einu eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

1. Að styrkur sé vegna starfsemi sem skapar umsækjandi atvinnu (verkfæra- og tækjakaup).
2. Að fyrir liggi staðfesting á skráningu í nám eða námskeið áður en styrkur er greiddur út.
3. Að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
4. Að sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis.
5. Að umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir, til dæmis sjóðir stéttarféлага sem umsækjandi greiðir í, lögbundin framlög vegna hjálpartækja og láns hæft nám. Tekið er tillit til takmarkana á möguleikum umsækjanda til að stunda fullt láns hæft nám vegna fötlunar.

6. gr.

Umsóknarferli

Velferðarsvið Garðabæjar annast afgreiðslu styrkjanna og vekur athygli á rétti fólks til umsókna með því að auglýsa eftir umsóknum einu sinni á ári, í byrjun september ár hvert á vefsíðu bæjarins. Umsóknarfrestur er þrjár vikur frá birtingu auglýsingar og er styrkjum úthlutað í október ár hvert.

Umsókn um styrk er aðgengileg í þjónustugátt Garðabæjar á vefsíðu bæjarins og í þjónustuveri Garðabæjar.

7. gr.

Fylgigögn umsókna

Með umsókn skal fylgja upplýsingar frá umsækjanda og/eða fagaðila þar sem fram kemur mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda. Önnur fylgigögn taka mið af tegund styrks sem sótt er um og þurfa að liggja fyrir áður en styrkur er veittur.

Gögn sem fylgja þurfa vegna náms:

1. Námsvottorð, staðfesting frá skóla um skráningu í nám.
2. Frumrit af kvittun fyrir námskeiðs- eða skólagjöldum.

Gögn sem fylgja þurfa vegna verkfæra- og tækjakaupa:

1. Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum.

8. gr.

Viðmið við úthlutun styrkja

Við úthlutun styrkja er tekið tillit til eftirfarandi viðmiða:

1. Upphæð styrkja ákvarðast af fjárhagsáætlun hverju sinni og tekur mið af fjölda umsókna.
2. Úthlutað er einu sinni á ári á grundvelli auglýsinga.
3. Styrkur skal greiddur samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir greiðslu á námi og/eða tækjum, innan fjárhagsársins.
4. Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftar en á tveggja ára fresti.
5. Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggi staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok.

6. Komi til þess að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna eða vegna röskunar á forsendum fyrir úthlutun er heimilt að forgangsraða umsóknum eða lækka styrkupp hæð til hvers og eins.

9. gr.

Leiðbeiningar og rökstuðningur til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal veita umsækjanda þá aðstoð sem hann þarf og jafnframt að veita honum upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan 10 daga. Sinni hann ekki þeim tilmælum fellur umsókn úr gildi.

Rökstyðja skal niðurstöðu úthlutunar og sé umsókn vísað frá eða úthlutun verulega skert eða synjað skal rökstyðja slíkt sérstaklega skriflega auk þess sem veita skal leiðbeiningar um málskot.

10. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Garðabær áskilur sér rétt til að endurkrefja styrkhafa samkvæmt almennum reglum kröfuréttar um styrk sem veittur hefur verið á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eða ef styrkur er nýttur í annað en umsókn gerir ráð fyrir.

Ef sannreynt er við vinnslu umsóknar að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast meðferð umsóknarinnar og kemur hún þá ekki til afgreiðslu.

11. gr.

Afgreiðsla styrkja

Styrkur er greiddur inn á bankareikning viðkomandi umsækjanda samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir greiðslu á námi og/eða tækjum.

Réttur til úthlutunar fellur niður sé ekki sótt um styrk innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað.

12. gr.

Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi skotið mál sínu til velferðarráðs Garðabæjar innan fjögurra vikna frá því að honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun eins fljótt og unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

13. gr.
Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 25. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Reglur þessar öðlast gildi með samþykki bæjarstjórnar. Jafnframt falla þá úr gildi reglur Garðabæjar sama efnis, nr. 1328/2011.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar

20. júní 2024

Lúðvík Örn Steinarsson
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu